

# SVÆÐISSKIPULAGSNEFND SSA

## FUNDARGERÐ

9. fundur Svæðisskipulagsnefndar SSA var haldinn Hótel Héraði, Egilsstöðum mánudaginn 11. feb. 2019 kl. 13:00.

Mættir: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, formaður (FLJÓHR), Þorsteinn Kristjánsson, varaformaður (BORG), Lárus Heiðarsson (FLJÓHR), Eypór Stefánsson (BORG), María Hjálmarssdóttir (FAUST), Kjartan Róbertsson (FLJÓ), Guðfinna Árnadóttir (FLJÓ), Eydís Ásbjörnsdóttir í síma (FJAR), Kári Snær Valtingojer (DJÚP), Skúli Vignisson (SEYÐ) og Skarphéðinn Smári Þórhallsson (SSA).

Fundargerð ritaði Skarphéðinn Smári Þórhallsson verkefnastjóri.

Fundur settur 13:00.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá:

- 1. Athugasemd Skipulagsstofnunar v/Verklýsingar svæðisskipulagsins**  
Skipulagsstofnun sendi inn athugasemdir við skipulagslýsingu og fylgdi þeim eftir með heimsókn á síðasta fund nefndarinnar.

*Niðurstaða fundarins:*

*Ný Svæðisskipulagsnefnd Austurlands hefur samþykkt að gera breytingar á lýsingu svæðisskipulags Austurlands til að koma á mót svið athugasemdir Skipulagsstofnunar sem settar voru fram í bréfi dags. 3. september 2018. Áfram verður unnið með fjóra yfirkafli/viðfangsefni: Áfangastaðurinn Austurland, Búseta og lífsgæði, Þekkingarsamfélag og nýsköpun og Atvinna og auðlindir.*

*Áfangastaðurinn Austurland  
Perlur Austurlands*

*Horft verður til Landskipulagsstefnu 2015-2026 og verður lögð áhersla á að við skipulag ferðamannastað verði leitast við að fylgja áherslum sem koma fram í vinnu Áfangastadarins Austurlands sem og Áfangastaðaáætlun svæðisins (DMP). Áherslunnar verða dregnar fram í skipulaginu og verða til leiðbeina við aðalskipulagsvinnu sveitarfélaganna og tilgangurinn er að heildar svipur verði á áfangastöðum innan fjórðungsins.*

*Búseta og lífsgæði*

*Settar verða fram tillögur um legu vega og orku- og gagnaflutningskerfa innan fjórðungsins og uppbyggingu flugvalla og hafna. Í þeirri vinnu verður horft til Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og lögð áhersla á heildstætt búsetumynstur og að ná jafnvægi í byggðarþróun auk þess að horft verður til sjálfbærari samgangna. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs verður feld út úr þessari vinnu.*



1966-2016

### *Pekkingarsamfélag og nýsköpun*

*Settar verða fram tillögur sem fela í sér hvernig hægt sé að auka samvinnu menntastofnanna með bættum samgöngum og gagnaflutningum. Í þeirri vinnu verður horft til Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og lögð áhersla á heildstætt búsetumynstur og að ná jafnvægi í byggðarþróun ekki síst með tilliti til að efla Austurland og gera það að samkeppnishæfari búsetuvalkosti fyrir háskólamenntaða íbúa.*

*Fjallað verður um fornleifaskráningu, stöðu hennar á svæðinu og nauðsyn þess að sú vinna fari fram.*

### *Atvinna og auðlindir*

*Ekki verður fjallað um strandsvæðisskipulag innan þessa skipulags þar sem lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 hafa tekið gildi.*

### *Forsendur*

*Gagnaöflun hefur verið unnin til að afla upplýsinga í samgöngum, veitum, uppbyggingu ferðamannastaða, íbúasamsetningu, landnotkun og í þeim efnum er meðal annars horft til orkuvinnslu, orkuskipta og verndarsvæða.*

*Við vinnslu tillögunnar verða haldnir opnir fundir þar sem almenningur getur komið með ábendingar og hugmyndir við vinnslu skipulagsins. Fundirnir verða að a.m.k. 4 eins og yfirkafarnir og verða á mismunandi stöðum á Austurlandi. Eins verður kallað eftir athugasemdum og hugmyndum í gegnum samfélagsmiðla.*

### *Samþykkt*

## **2. Umsagnir sem borist hafa vegna verklýsingar**

Eftir farandi aðilar svöruðu óskum um athugasemdum við Verklýsingu svæðisskipulags Austurlands:

### **ISAVIA dags. 4. júlí 2018**

Gerir ekki athugasemdir við verklýsinguna.

### **Minjastofnun Íslands dags. 20. Ágúst 2018**

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við verklýsinguna fyrir svæðisskipulag Austurlands eins og hún var birt stofnuninni. Minnt er á að skipulagstillagan þarf einnig að berast til umsagnar hjá stofnuninni. Stofnunin fagnar þeim áformum um skráningu menningarminja innan svæðisins og bendir á að gagnlegt væri að taka saman sérkafla sem fjallar um menningarminjar þar sem fram koma helstu atriði varðandi málaflokkinn.

### **Norðurþing dags. 4. júlí 2018**

Skipulags- og framkvæmdarráð gerir ekki athugasemdir við verklýsinguna.



### **Vegagerðin dags. 26.júlí 2018**

Vegagerðin leggur mikla áherslu á samráð og samvinnu á vinnslustigi skipulags, ekki síst við úrvinnslu á umsögnum Vegagerðarinnar áður en tillaga er afgreidd til Skipulagsstofnunar.

Við gerð svæðisskipulags óskar Vegagerðin eftir að flokkun þjóðvega innan svæðisins verði gerð skil skv. opinberri flokkun.

Vegagerðin gerir ekki aðrar athugasemdir að svo stöddu

### **Veðurstofa Íslands dags. 13. ágúst 2018**

Veðurstofan vill venda á mikilvægi þáttar náttúruvár við skipulagsgerðina

### **Skógræktin dags. 13. ágúst 2018**

Skógræktinni hefur borist til umsagnar verklýsing svæðisskipulags Austurlands. Verklýsingin stiklar á stóru varðandi það hvernig svæðisskipulag Austurlands mun líta út og umsögn þessi endurspeglar það. Skógræktin saknar sérstaklega meiri áherslu á lífhagkerfið í verklýsingunni og hvernig hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. hagrænar, félags- og umhverfislegar, endurspegli stefnumótun fyrir Austurland gegnum lífhagkerfið.

Samkvæmt verklýsingunni þarf að skilgreina hvaða þættir í umhverfi Austurlands teljist til auðlinda og komi til með að móta atvinnu- og auðlindastefnu svæðisins. Á bls. 17 í stefnunni eru tilteknað nokkrar auðlindir, svo sem vatn, loft, jarðhiti og sjór en ekki minnst sérstaklega á auðlindina sem er fólgin í lífmassa svæðisins. Það er ljóst að tækifæri til fjölpættar atvinnuuppbyggingar gegnum skógrækt eru mikil á Íslandi, hvort heldur sem er í formi nytjaviðar eða bættra búsetu- og ræktunarskilyrða, svo dæmi séu tekin. Skógar Austurlands ættu því að fá veigamikinn sess í umfjöllun um auðlindir svæðisins, enda er þar að finna elstu bændaskóga landsins og meðal skógarmestu sveitarfélaganna.

Skógræktin vinnur nú að landshlutaáætlunum í skógrækt sbr. Lög um skógrækt á lögbýlum nr.95/2006. Þar verður mörkuð stefna um skipulag skógræktar í sveitarfélögum landsins til lengri tíma. Áætlanirnar skulu innihalda framtíðarsýn skógræktar, stöðu- og árangursmat á viðkomandi svæði og skulu þær vera í samræmi við skipulagsáætlanir og aðra opinbera stefnumörkun. Í landshlutaáætluninni verður m.a. fjallað um forsendur fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til ýmissa þátta. Þar má helst nefna náttúruvernd, minjavernd og vernd landslags, vernd og endurheimt birkiskóga, ræktun nýrra skóga til uppbyggingar skógarauðlindar,



1966-2016

áhrif skógræktar á atvinnuþróun og byggð, útivistarskóga og skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga. Skógræktin mun því á næstu misserum hafa samband við sveitarstjórnir til þess að samhæfa megi stefnu og landshlutaáætlanir í skógrækt við stefnumótun annarra hagsmunaaðila. Í þessu efni skiptir náið samstarf sköpum og upplýsingaflæði á báða bóga. Skógræktin er fús í samstarf með SSA, með það að markmiði að efla lífhagkerfið á Austurlandi til framtíðar.

Að lokum bendum við á að sú breyting varð fyrir tveimur árum á stjórnskipulagi skógræktar í landinu að landshlutabundin skógræktarverkefni og Skógrækt ríkisins sameinuðust í eina stofnun, Skógræktina. Vinsamlega breytið því Skógrækt ríkisins í Skógræktin á bls. 26 undir lögbundnir umsagnaraðilar.

### **Umhverfisstofnun dags. 6. september 2018**

Umhverfisstofnun tekur undir það að unnið er að gerð svæðisskipulagstillögu fyrir Austurland.

#### **Náttúruminjar**

Umhverfisstofnun tekur undir þá áherslu á kortlagningu og skráningu náttúruminja er fram kemur í ofangreindri lýsingu.

#### **Atvinna og auðlindir**

Umhverfisstofnun tekur undir þá áherslu varðandi skipulag haf- og strandsvæða sem sett er fram í ofangreindri lýsingu. Einnig tekur stofnunin undir mikilvægi þess að vinna að nýtingaráætlun fyrir firðina á Austurlandi og að firðir þar sem áform eru um uppbyggingu fiskeldis hafi forgang. Umhverfisstofnun minnir á að skipulag haf- og strandsvæða skal vera skv. lögum um haf- og strandsvæða nr. 88/2018

#### **Samgöngur**

Umhverfisstofnun tekur undir um samgöngur á svæðisskipulagssvæðinu og bendir jafnframt á mikilvægi þess að hugað verði að umhverfisvænum samgöngum í svæðisskipulagi, s.s. að breyttum ferðavenjum og að stefnumótun varðandi hjólastiga komi fram í svæðisskipulagstillögunni.

#### **Niðurstaða fundarins:**

*Nefndinn hefur þessar athugasemdir til hliðsjónar við vinnslu skipulagstillögunnar að öðru leiti lagt fram til kynningar.*



1966-2016

### 3. Svæðisbundnar áherslur áfangastaðaáætlana

Ósk Ferðamálastofu um að á Austurlandi verði tilnefndir 5-7 áfangastaðir í forgangsröð sem stefnt er að því að byggja upp á svæðinu til að taka á móti ferðamönnum (seglar).

Niðurstaða fundarins:

Nefndin leggur til að erindinu verði vísað til sveitarfélaganna á Austurlandi.

### 4. Staða verkefnis

Verkefnastjóri fór yfir stöðu verkefnisins og ítrekaði hversu mikilvægt það væri að sveitarfélögin tækju erindi og vinnu nefndarinnar til umfjöllunar eins fljótt og kostur er. Verkefnastjóra falið að tryggja að nefndarmenn geti með góðu móti tekið þátt í fundum í gegnum fjárfundarbúnað eigi þeir ekki heiman gengt.



1966-2016